

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum 2018

Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum er samstarfsvettvangur fræðimanna Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) sem stunda rannsóknir á táknmáli. Auk starfsmanna þessara stofnanna eiga nokkrir utanaðkomandi aðilar aðild að rannsóknarstofunni. Starfsmenn HÍ og SHH hafa aðstöðu á sínum vinnustað en stofan hefur að öðru leyti ekki yfir sérstöku húsnæði að ráða. Stjórn stofunnar er skipuð til eins árs í senn og á síðasta ársfundi voru Elsa G. Björnsdóttir, Rannveig Sverrisdóttir og Valgerður Stefánsdóttir kjörnar til ársins 2019.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félagar í Rannsóknastofu í táknmálsfræðum

Haldið var áfram vinnu við eftirfarandi verkefni:

- Júlía Hreinsdóttir vann að CEFR verkefninu, en það snýst um að aðlaga námsefni og kennslu í ÍTM að evrópskum tungumálaramma. Liður í því var að fá Joni Oyserman frá EduSign í Hollandi til landsins til að þjálfa starfsmenn SHH í að nota CEFR. Þá þýddi Hólmfríður Þóroddsdóttir nýja valda kafla úr CEFR 2018.
- Vinnu við námskrá í íslensku táknmáli fyrir framhaldsskóla lauk á árinu.
- Vinna við málþroskarannsóknir hélt áfram undir stjórn Nedelinu Ivanovu. Unnið var að söfnun gagna og áframhaldandi þróun á einstaklingsmiðuðu stöðumati í færni á íslensku táknmáli. Nýtt verkefni hófst um söfnun gagna um máltöku á ÍTM til þriggja ára þar sem fylgst er með málþroska döf barns frá fæðingu. Einnig var unnið að þróunarverkefni í móðurmálskennslu í ÍTM.
- Vinnan við gerð endurtekningaprófs setninga fyrir börn er mjög langt á veg komin en vegna anna náðist ekki að klára síðustu upptökur.
- Á SHH var settur á fót starfshópur til að rýna í hugtakið tvítýngi þar sem annað málið er íslenskt táknmál. Starfsmenn Shh komu sér saman hvað felst í þessu hugtaki.
- Vinna að formlegri lýsingu á stigum á máltöku á grundvelli safnaðra gagna hófst haustið 2018.
- Þórhalla Guðmundsdóttir Beck vinnur áfram að að doktorsverkefni sínu um merkingarfræði litaorða í íslensku.

Aðilar rannsóknastofunnar héldu nokkra fyrirlestra á árinu og tóku þátt í málþingum og ráðstefnum hér heima og erlendis:

- Málstofan *Merking, formgerð og málhafar í táknmálum* var haldin á Hugvísindapíngi Háskóla Íslands 2018. Þar voru flutt þrjú erindi; Jóhannes Gísli Jónsson „Frumlæg og andlög í táknmálum, Þórhalla Guðmundsdóttir Beck: „Merking og menning – áhrif tungumála á merkingarflokka, Rannveig Sverrisdóttir: „Hinn eini sanni málhafi“.
- Af erindum og þátttöku í fjölþjóðlegum ráðstefnum má nefna fyrirlestur Rannveigar Sverrisdóttur „Is the Icelandic Sign Language an endangered language?“ á ráðstefnunni FEL XXII: Endangered Languages and the Land: Mapping Landscapes of

Multilingualism í Reykjavík og veggspjald „The one, true native signer“ á ráðstefnunni Sign CAFÉ 1 í Birmingham.

- Nedelina Ivanova var með fyrirlestur/kennslu um máltöku barna með skerta heyrn í námskeiðinu *Málproski og þróun málnotkunar* á Menntavísindasviði haustið 2018.
- Nedelina Ivanova flutti erindið *Málþróun hjá tvítyngdum börnum, annars vegar döff börnum, hins vegar börnum með skerta heyrn* í málvísindakaffi Íslenska málfræðifélagsins 14. desember 2018.
- Dr. Helen Koulidobrova og Nedelina Ivanova kynntu rannsókn sína **Áhrif tvítyngis málhafa af erlendum uppruna á þróun íslenska táknmálsins** í Bitaboxi RÍM 8. janúar 2018. Helen var með veggspjald á GALANA ráðstefnunni um niðurstöður úr prófunum með endurtekningarpífi merkingarlausra tákna.

Einn óformlegur umræðufundur var haldinn árið 2018 þar sem rædd voru ýmis atriði í táknmálsrannsóknum, þar var sérstaklega rætt um ómörkuð handform í ÍTM og þá helst um 1-handformið.

Heimsóknir fræðimanna

Dr. Helen Koulidobrova kom til landsins í janúar 2018 vegna rannsóknarverkefnisins **Áhrif tvítyngis málhafa af erlendum uppruna á þróun íslenska táknmálsins**.

Kynningarstarfsemi og útgáfa

Tvær greinar eftir aðila rannsóknastofunnar komu út á árinu, báðar í bókinni *Hvis du kan se det, kan du understøtte det. En bok om taktilt språk*:

- Ivanova, Nedelina. 2018. Om språkutveckling hos barn med medfödd dövblindhet. Í Creutz, M., Melin, E., Brede, K.S. og Selling, H.B., ritstjórar *Hvis du kan se det, kan du understøtte det, en bok om taktilt språk*. Nordens välfärdcenter: Stockholm. Sótt af <https://nordicwelfare.org/en/publikationer/hvis-du-kan-se-det-kan-du-understoette-det-en-bok-om-taktilt-spraak/>
- Ivanova, Nedelina. 2018. Tankar om taktila språk. Í Creutz, M., Melin, E., Brede, K.S. og Selling, H.B., ritstjórar *Hvis du kan se det, kan du understøtte det. En bok om taktilt språk*. Nordens välfärdcenter: Stockholm. Sótt af <https://nordicwelfare.org/en/publikationer/hvis-du-kan-se-det-kan-du-understoette-det-en-bok-om-taktilt-spraak/>
- Í lok árs 2017 kom loks út stórt verk sem aðilar rannsóknastofunnar tóku þátt í að skrifa á árunum 2011-2015: SignGram Blueprint. A Guide to Sign Language Grammar Writing. Gefið út í rafrænni, gjaldfrjálsi útgáfu af De Gruyter, sjá <https://www.degruyter.com/view/product/467598>

Rannsóknastofan eignaðist sína fyrstu heimasíðu á árinu undir heimasíðu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands þar sem m.a. má finna ársskýrslur stofunnar frá upphafi, upplýsingar um verkefni á vegum stofunnar og ráðstefnur framundan, sjá http://malvis.hi.is/rannsoknastofa_i_taknmalsfraedum